

Vegna óvenjulegs ástands sem nú ríkir á heimsvísu hefur fjallskilanevnd Laugardals samþykkt eftirfarandi reglur og tilmæli.

Fjallferð.

Fjallmenn verða að vera einkenna lausir þegar farið er til fjalls.

Þeir sem gefa kost á sér sem fjallmenn gera það á eigin ábyrgð.

Senda þarf upplýsingar um fjallmenn, nafn og síma, til fjallkóns fyrir 1.september

Veikist fjallmaður á fjalli ber honum að fara til byggða og óska eftir sýnatöku.

Sé viðkomandi sýktur ber honum að fara í einangrun. Þá ber einnig öðrum fjallmönnum að fara í sóttkví. Hópurinn gæti sótt um undanþágu til að ljúka leitum. Fjallmenn geta ekki tekið þátt í réttarstörfum komi upp sýking í þeirra hópi.

Fjallskilanevnd og sveitarfélagið bera enga ábyrgð né kostnað komi upp smit í fjallferð. Sá kostnaður sem kann að verða af einangrun og tekjumissi ber fjallmaðurinn/einstaklingurinn sjálfur.

Viðkomandi fjáreiganda ber að upplýsa sína fjallmenn um þær reglur og tilmæli sem eru í gildi vegna ástandsins.

Reglur þessar gilda um allar leitir nema annað verði tilkynnt

Fjallskilanevnd telur að húsakostur og aðbúnaður á afréttinum sé með þeim hætti að hægt sé að uppfylla gildandi sóttvarnarregur.

Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga vegna gangna og rétta vegna COVID-19 hættustigs Almannaþingarinnar sem nálgast má á heimasíðu Landsambands sauðfjárbænda.

Réttarstörf.

Allir fjallmenn eru gjaldgengir í réttir.

Börn fædd 2005 eða síðar eru undan skilin fjöldatakmörkunum og velkomin í réttir að því gefnu að þau séu á ábyrgð fullorðins aðila sem er í réttunum.

Smitvarnarfulltrúi réttanna er fjallkóngur.

Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga vegna gangna og rétta vegna COVID-19 hættustigs Almannaþingarinnar sem nálgast má á heimasíðu Landsambands sauðfjárbænda.

Tilmæli þessi og reglur eru unnar eftir útgefnum leiðbeiningum yfirvalda um hvaða reglur gilda um göngur og réttir haustið 2020. Einnig hefur fjallskilanevnd leitað upplýsinga og ráða hjá verkefnastjóra Almannaþingarinnar Suðurlands.